

One Door & Window Tech

Akrýl glugga- og hurðamálning

Efnislýsing

One Door & Window Tech er vatnsþynnanleg akrýlmálning sem notast á gluggakarma, bæði innan- og utanhúss. Málningin veitir hámarksvernd á slétta fleti gluggakarmanna, sem og kanta og horn. Hún er mjög fljótþornandi málning sem þýðir að hægt er að ljúka málun dyra og glugga á einum og sama degi. Einstök samsetning gefur mun betri gljáa og litheldni en hefðbundin gluggamálning. Nota má One Door & Window Tech á útihúsgögn, girðingar og handrið, sem og á minni ryðvarða málm- og stálhluti.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil PT8.
2. Grunnið alla fletina með Tinova Primer Exterior. Best er ef það er gert fyrir glerjun svo falsinn sé einnig grunnaður.
3. Málið yfir tvær umferðir með One Door & Window Tech.
4. Á lárétta hallalaus fleti er ráðlagt að bera aukaumferð af báðum efnum.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Alg- och Mögeltvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal þússa niður uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Gegndreypið beran við með Tinova Wood Base Oil PT8. Síðan er hann grunnaður með Tinova Primer Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með One Door & Window Tech.
5. Á lárétta hallalaus fleti er ráðlagt að bera aukaumferð af báðum efnum.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan 6 klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 35

Þurrktími við 23°C/50% raka: 2 klst

Yfirmálun við 23°C/50% raka: 4 klst

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Nýmálun 6-8 m²/l; endurmálun 8-10 m²/l

Umbúðir: 1 og 2,5 L fötur

Stofnar: BW og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 130 g/l.):

Inniheldur mest 40 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

One Super Tech uppfyllir staðla Svansins. Sjá nánari upplýsingar á www.svanen.se

